

Ed.

355. Nefndarálit

[159. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. sept. 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. l. nr. 21 23. mars 1983, um breyt. á þeim lögum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp þetta felur í sér lækkun tekjuskatts í þágu þeirra sem eiga og reka fyrirtæki eða fjárfesta í atvinnurekstri. Ekki liggur fyrir hversu miklu tekjutapi ríkissjóður verður fyrir á því ári, sem nú er að líða, með samþykkt þessa frumvarps og enn síður á komandi árum. Ljóst er þó að þeir, sem hafa hag af samþykkt frumvarpsins, eru einkum:

Í **fyrsta lagi** einstaklingar sem fá greiddan **arð af hlutafjáreign**. Þeir njóta þegar nokkurs skattafsláttar samkvæmt gildandi skattalögum en fá nú um það bil tvöfalt hærri afslátt;

Í **öðru lagi** er ætlunin að veita mönnum veruleg skattfríðindi út á **fjárfestingu í atvinnurekstri**. Hjón, sem leggja fram 40 þús. kr. til fjárfestingar í eigin atvinnurekstri, fá stóran hluta af þessari fjárhæð úr ríkissjóði í formi skattalækkunar, jafnvel allt að 40% ef þau hafa verulegar tekjur. Sama gildir um kaup á hlutabréfum í stórum hlutafélögum svo og um framlög starfsmanna í sérstaka fjárfestingarsjóði, svonefnda starfsmannasjóði, og hlutabréfakaup í fjárfestingarfélögum;

Í **þriðja lagi** er eignarskattur á **hlutabréfaeign** lækkaður;

Í **fjórða lagi** er opnuð leið til þess í öllum fyrirtækjum, jafnt þeim sem rekin eru í félagsformi sem í nafni einstaklinga, að leggja **40% af skattskyldum hagnaði ársins** til hliðar í svo nefnda **fjárfestingarsjóði** og kemur þessi upphæð ekki til skatts á því ári. Þessi heimild kemur í staðinn fyrir núgildandi varasjóðsheimild sem er nú að hámarki 25% af skattskyldum hagnaði og nær aðeins til fyrirtækja í félagsformi;

Í **fimmta lagi** eru **fyrningarheimildir** í atvinnurekstri verulega **hækkaðar**. Fyrningarhlutfall véla hækkar úr 12% í 15—20%, skipa úr 8% í 10% og fasteigna úr 2—6% í 2—10%.

Ljóst er að mjög mikil og fjölbreytt skattfríðindi felast í tillögum þessum. Í því sambandi er óhjákvæmilegt að minna á að á sama tíma og ríkisstjórnin telur sér fært að samþykkja þessi miklu fríðindi í þágu atvinnurekstrar hafa kjör almennings verið gífurlega skert. Kjaraskerðingin bitnar því harðar á fólki sem tekjurnar eru lægri, en ljóst er að þeir verst settu munu í engu geta notið þessara fríðinda, bæði vegna þess að þeir eiga ekkert til að leggja til hliðar og skattfríðindin eru bundin við þá eina sem greiða tekjuskatt.

Frumvarpið var sent Alþýðusambandi Íslands og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja til umsagnar. Hvor tveggja samtökin hafa svarað og lýst yfir andstöðu sinni við frumvarpið. Umsagnir ASÍ og BSRB eru birtar hér sem fylgiskjöl.

Í lokaorðum umsagnar miðstjórnar ASÍ, sem samþykkt var einróma á fundi miðstjórnar Alþýðusambandsins 2. febr. s. l., segir:

„Umsögnin er einföld: Tillögurnar eru eðlilegur þáttur í þeirri samfelldu stefnu ríkisstjórnarinnar að gera þá fátæku fátækari og þá ríku ríkari. Alþýðusambandið getur ekki gert þá stefnu að sinni.“

Hér er komið að kjarna málsins. Við undirritaðir nefndarmenn fjárhags- og viðskiptanefndar efri deildar teljum að miklu brýnna væri að **bæta kjör lágtekjufólks** með breytingum á skattalögum fremur en að veita atvinnurekendum enn frekari skattfríðindi. Við leggjum því til að frumvarp þetta verði fellt.

Alþingi, 10. febr. 1984.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir,
fundaskr.

Ragnar Arnalds,
frsm.

Eiður Guðnason.

Fylgiskjal I.

Fjárhags- og viðskiptanefnd Ed.
form. Eyjólfur Konráð Jónsson
Alþingi v/Austurvöll
101 Reykjavík.

Reykjavík, 3.2. 1984.

Eftirfarandi umsögn var samþykkt einróma á fundi miðstjórnar ASÍ 2. febr. 1984:

„Alþýðusamband Íslands þakkar það tækifæri sem því er gefið til að segja álit sitt á framlögðum frumvörpum um tekju- og eignarskatt og frádrátt vegna fjárfestinga í atvinnurekstri.

Ríkisstjórnin hefur með markvissum aðgerðum tekist að fjarlægja fjórða hluta kaupgetu almenns launafólks. Í framhaldi af þeim drjúga árangri hefur verið ákveðið að auka skattbyrði tekjuskatts og útsvars um nálega 1½% tekna á þessu ári.

Atvinnureksturinn nýtur hinna lágu launa enda hefur afkoma í flestum greinum, utan sjávarútvegs, sjaldan verið betri. Til að styrkja fyrirtækin enn frekar eru nú til umræðu tillögur um hækkun afskriftarhlutfalla, skattfrelsi fjárfestingar í atvinnurekstri, arðs af hlutabréfum og fjár sem notað er til hlutfjárkaupa. Starfsmönnum skal einnig heimilt með skattfrelsi að kaupa hlutabréf í því fyrirtæki sem þeir starfa hjá, í þeim fáu tilfellum þar sem slík bréf kunna að vera til sölu. Til að tryggja að slík starfsmannafjárfesting fari ekki í rangan farveg er stjórn viðkomandi hlutafélaga tryggður fulltrúi í stjórn þess starfsmannasjóðs sem hlutabréfin kaupir.

Greinilegt er að umrædd frumvörp eru skýrt og markvisst framhald af fyrri ákvörðun stjórnvalda um tilflutning fjár í þjóðfélaginu. Stefnan hvílir öll á þeirri forsendu að fátækur maður, sem fær fé í hendur, sé líklegur til að nýta það í mat, klæði eða annað það sem þjóðfélaginu verður að litlu gagni. Sá ríki, sem lifir í vellystingum praktuglega, sé líklegri til að veita því í þjóðfélagslega nýtsama framkvæmd.

Umsögnin er einföld: Tillögurnar eru edlilegur þáttur í þeirri samfelldu stefnu ríkisstjórnarinnar að gera þá fátæku fátækari og þá ríku ríkari. Alþýðusambandið getur ekki gert þá stefnu að sinni.“

Virðingarfyllst,
Ásmundur Stefánsson.

Fylgiskjal II.

Fjárhags- og viðskiptanefnd
efri deildar Alþingis.

Reykjavík, 7. febr. 1984.

Stjórn B. S. R. B. hefur verið sent til umsagnar frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 21 23. mars 1983, um breyting á þeim lögum, og frumvarp til laga um frádrátt frá skattskyldum tekjum manna vegna fjárfestingar í atvinnurekstri.

Í því sambandi ályktar stjórn B. S. R. B. eftirfarandi:

Í þeim kjarasamningaviðræðum, sem nú standa yfir, hefur B. S. R. B. lagt sérstaka áherslu á kjör hinna lægst launuðu, sbr. 1. lið kröfugerðar B. S. R. B. dags. 10. jan. 1984, sem hljóðar svo:

„Þegar í stað verði bættur hlutur þeirra, sem við lökust kjör búa, og við það miðað að enginn hafi dagvinnulaun undir 15 þúsund krónum á mánuði. Hluti kjarabóta að þessu marki mætti felast í breytingum án beinnar hækkunar launastigans, t. d. hröðun uppfærslu sérstaklega milli lægstu launaflokka B. S. R. B., hækkun barnabóta og tekjutryggingar lífeyrisþega, neikvæðum tekjuskatti og hækkun skattleysismarka við álagningu tekjuskatts og útsvars.“

Eins og hér kemur fram telur B. S. R. B. að eins megi bæta kjör hinna lægst launuðu í gegnum breytingar á skattbyrði, þ. m. t. aukning neikvæðra skatta eins og með beinum kauphækkunum. Til að ígildi kröfunnar um 15 þúsund króna lágmarkslaun rúmist innan skattleysismarka miðað við árið 1983 og kaupmátt 15 þúsund í september s. l. þyrftu skattfrelsmörk að hækka verulega.

Leggur B. S. R. B. áherslu á að hlutur láglaunafólks verði stórlega bættur með frumvörpum þessum, en frumvörpin stefna í gagnstæða átt. Frumvörpin eru augljóslega sniðin með það í huga að létta skattbyrði atvinnurekenda og því telja stjórnvöld greinilega svigrúm fyrir hendi hjá ríkissjóði sem ætti fremur að verja til að gera stóratök í málefnum láglaunafólks.

Þá eru í frumvarpi til laga um frádrátt frá skattskyldum tekjum manna vegna fjárfestingar í atvinnurekstri nýmæli um starfsmannasjóði. Í 13. gr. frumvarpsins kemur fram að opinberir starfsmenn eru þarna undanskildir.

Stjórn B. S. R. B. vill taka fram að hún telur starfsmannasjóði almennt mjög athyglisverða sem hluta úrlausna í atvinnu- og efnahagsmálum. Á hinn bóginn er það form þeirra, sem fram er sett í frumvarpinu, of þröngt og alls ófullnægjandi. Bandalagið er því andvíggt frumvarpinu eins og það liggur fyrir.

Virðingarfyllst.
F. h. Bandalags starfsmanna
ríkis og bæja,
Kristján Thorlacius.